

Einmanaleikinn og kviðinn munu naga ykkur og þreyta og vonleysi herðast að hjartanu í grýttri og brattri götunni. — En — heyr. Spekin, spekin kallar uppi á hæðunum. Þið herðið upp hugann að nýju og sækjið áfram á brattann og sá dagur kemur, þegar þið hafið höndlað spekina.

Einnig sá dagur er dagurinn, sem drottinn hefur gjört fagnð og gleðjist í honum.

Ég óska ykkur öllum góðrar ferðar hverju og einu eftir sinni götu og þakka ykkur liðnar samverustundir.

Guð blessi ykkur öll“.

Þegar rektor hafði lokið ávarpi sínu til nýstúdentanna tóku til máls fulltrúar jublanta.

Fyrir hönd 60 ára stúdenta talaði dr. Sigurður Nordal. Hann kvað sér ekki unnt í svo stuttri ræðu að sýna nýstúdentum annað en, hvers konar forngripir þeir verði orðnir árið 2026. Samstúdentarnir, sem útskrifuðust 1906 hefðu verið 12 frá eina Menntaskólanum, sem þá hefði verið til héraðs, en nú væru aðeins eftir 4. Þótt þessar tölur væru ekki háar taldi hann vist að þeir ættu þó eitt tölumet. Þeir væru fleiri lifandi, en setið hefðu í 6. bekk, því að 9 hefðu verið utan skóla. Hann óskaði skólanum alls velfarnaðar á ókomnum árum.

Fyrir 50 ára stúdenta talaði Anna Bjarnadóttir. Hún kvaðst elin upp í skjóli skólans og þegar faðir hennar, Bjarni Sæmundsson, hafi látizt hefði hún hafið kennslu við skólann og væri hann sér því mjög nær. Eftir lífa nú 15 af 28 stúdentum, er útskrifuðust árið 1916. Kvaðst hún vona að Menntaskólinn í Reykjavík skipaði enn sem hingað til forustusæti í íslenskum menntamálum og yrði áfram vagma íslenzkrar hámenningar.

Dr. Bjarni Benediktsson, forsetisráðherra, talaði fyrir 40 ára stúdentana. Hann kvað þá hafa verið 43, sem útskrifuðust árið 1926 og væru nú 6 látinir. Þegar þeir hefðu útskrifast hefðu Íslendingar verið um 100 þúsund, en væru nú rúmlega 190 þúsund og að reikningsglöggur maður hefði sagt sér, að stúdentar nú væru 3,5 sinnum fleiri en 1926 miðað við mannfjölda nú. Þá hefðu heyrzt þær raddir, að stúdentafjöldinn væri of mikill, og einhverjir hafi minnst á óreiðalyð menntamanna. Sem betur fer væri þessi tími nú löngu liðinn og menn skildu nú þörf þjóðarinnar fyrir menntamenn. Hann minntist Kristins Ármannssonar og afhenti síðan peninggjöf frá þeim félögum, sem verja skyldi til bókakaupa, að upphæð 100 þúsund krónur.

Fyrir hönd 30 ára stúdenta talaði Sigurður Ólafsson lyfsali og afhenti frá þeim félögum nokkra peninggjöf rektor til ráðstöfunar.

Af hálfu 25 ára stúdenta talaði Valborg Sigurðardóttir, og gaf bergfræðismásjá, sem hún kvaðst vonast til að myndi lífa nám í jarðfræði og vekja áhuga nemenda á þeirri grein.

Fyrir hönd 20 ára stúdenta talaði Páll Sigurðsson, læknir, og afhenti skólanum að gjöf stjórnu sjónauka og nýja gerð kvikmyndavélar.

Af hálfu 10 ára stúdenta talaði Sveinbjörn Björnsson. Hann kvað sinn stúdentaárgang vera hinn síðasta, sem Pálmi heitinn Hannesson rektor hefði brautskráð og hefðu þeir því ákveðið að gefa í minningarsjóð Pálma.

Að svo mæltu þakkaði rektor, Einar Magnússon, góðan hug til skólans.

Þá kvaddi Einar gamlan og góðan kennara, sem nú lætur af störfum sakir aldurs, Valdimar Sveinbjörnsson, leikfimikennara, og færðu nýstúdentar honum að skilnaði fagurt horn úr silfri.

Hákon Guðmundsson, yfirborgardómari, formaður Nemendasambands MR, flutti kveðju frá Kristni Ármannssyni, og

Þóru konu hans, er Hákon barst í bréfi skömmu áður en Kristinn lézt:

„Við óskum ykkur, kærur nýstúdentar, hjartanlega til hamingju með stúdentsprófið og árnunum ykkur allra heilla í framtíðinni.“

Þá sendum við afmælisstúdentum öllum hugheilar heillaóskir og kveðjur með þökk fyrir góð og gömul kynni.

Megi gæfan fylgja okkar gamla, góða skóla, rektor hans, kennurum og nemendum. Vivat

crescat, floreat Schola Reykjavicensis“.

Þá sleit rektor, Einar Magnússon, hátíðinni með þessum orðum:

„Eitt af verkefnum í íslenzka ritgerð á stúdentsprófi í vor voru þessar ljóðlínur:

„Vor landi vill manast á heimsins hátt, en-hólminn á starf hans, líf hans og mátt“.

Með þessum orðum lýsi ég Menntaskólanum í Reykjavík slitið í 120. sinn“.

28 stúdentar frá Verzlunarskólanum

Frá skólaslitum Verzlunarskóla Íslands í gær

VERZLUNARSKÓLA Íslands var slitið í 22. skiptið í gær af skólastjóranum, dr. Jóni Gíslasyni. Að þessu sinni brautskráðust frá skólanum 28 stúdentar. Stúdentsprófin hófust 2. maí en lauk 13. júní. Dr. Jón Gíslason tók fyrstur til máls. Í upphafi minntist hann Kristins Ármannssonar, fyrrv. rektors Menntaskólans í Reykjavík, er lézt í Lundúnum nú fyrir nokkrum dögum. Hann kvað Kristin hafa kennt ensku við Verzlunarskólann á öðrum og þriðja tug aldarinnar, og verið prófdómari í latínu við Lærdómsdeild skólans, síðan hún var stofnuð fyrir rúmum 20 árum. Risu gestir úr sætum í virðingarskyni við hinn látna.

Því næst flutti skólastjórinn skýrslu yfir lærdómsdeild skólans í vetur. Í 5. bekk voru í vetur 54 nemendur, og var bekkurinn í fyrsta skipti tvískiptur. — Alls voru því í Lærdómsdeild 60 nemendur. Hæstu einkunn á ársprófi 5. bekkjar hlaut Erla Sveinbjörnsdóttir, en aðra hæstu einkunnina hlaut Hafþór I. Jónsson.

Stúdentspróf þreyttu allir 26 nemendur 6. bekkjar, en auk þess tveir utanskóla. Hæstu einkunn á stúdentsprófi hlaut Elin Jónsdóttir, 7,52 (Hæst gefið 8). Annar varð Garðar Valdimarsson 7,32 og 3—4 urðu þau Bjarni Lúðvíksson og Marrgét O. Hannesdóttir með 7,17.

Dr. Jón Gíslason afhenti síðan nýstúdentum prófskirteini sín, og færði þeim, sem fram úr höfðu skarað í skólanum, verðlaun, bæði frá skólanum og ýmsum félagsamtökum. Að því loknu flutti hann skólaslitaræðu, og vakti athygli nýstúdentana á ýmsum vandamálum, sem blöstu



Hinir nýbokuðu stúdentar Verzlunarskóla Íslands í ár í garðinum við Frikirkjuveg 11, ásamt skólastjóra sínum, dr. Jóni Gíslasyni.

nú við nútímanum. Sagði hann m.a.:

„Hvað er maðurinn? Oft hefur þeirri spurning verið varpað fram, og svörin orðin jafn margvisleg og spyrjendur voru ólíkir. Vísindinn hafa rakið manninn í sundur á ýmsa vegu, lífeðlisfræði líkama hans, sálarfræði sál hans, og þjóðfélagsfræðin rannsakað hann, sem félagslega veru.“

Hafa þá þessar vísindagreinir veitt fullnægjandi svör við spurningu: Hvað er maðurinn? Langt frá því. Ævinlega verða svörin ófullnægjandi, eitthvað sem smýgur möskvana á neti vísindanna, þótt þéttrið sé. Maður inn er og verður jafnan eitthvað meira en hann sjálfur getur vitað um sjálfan sig.

Æðsti sannleikurinn um manninn er ef til vill sá að hann er frjálst gerðar sinna. Engin vísindi geta sagt fyrir, hvornig hann munji nota þetta frelsi. Þessa frelsis verður maðurinn sér meðvitandi, þegar kröfur eru gerðar til hans. Honum er í sjálfsvald sett, hvornig hann bregzt við þeim. Hann verður með öðrum orðum að taka ákvarðanir. En um leið og hann gerir það, hefur hann kveðið upp dóm yfir sjálfum sér.



Dr. Jón Gíslason, skólastjóri Verzlunarskólans, afhendir Elinu Jónsdóttur silfurkrús í virðingarskyni fyrir frábæran námsárangur, en hún hlaut 1. ágætiseinkunn 7,52.

Hann er orðinn ábyrgur, hann hefur sjálfur valið og markað sér orlagabraut.


Engin vísindagrein, engin stjórnmálakennning, engin trúarstefna getur því samkvæmt eðli málsins, veitt fullnaðarsvar við spurningunni: Hvað er maðurinn? Um leið og leitast er við að veita slíkt allsherjarsvar, og það hefur oft verið reynt, er maðurinn sjálfur genginn oss úr greipum, og ekkert annað eftir

en ruslabingur fánýtra kennisætninga, sem stundum er að visu þyrtað upp til að villa um fyrir oss.

Auðvitað getur maðurinn aldrei að öllu leyti og fyllilega orðið ánægður með sjálfan sig. Hann þráir dóm meðbræðra sinna um gerðir sínar. Sá dómur verður honum þeim meira virði, sem hann metur þá meir er kveða hann upp. Hetjur Söguáldar vorrar drýgðu sínar dáðir og gengu ótregir í opinna dauðann, af því að góður orðstír var þeim meira virði, en lífið sjálft. En öllum dómstólum æðri verður samt samvizka vor. Í vorum eigin barni er því óbifulasti átta vitinn — hver sem honum fylgir mun sjaldan villast langt af réttri leið“.

Er skólastjóri hafði lokið ræðu sinni tók til máls fulltrúi stúdenta, sem brautskráðust frá skólanum fyrir réttum 20 árum, Ólafur I. Hannesson. Færði hann Verzlunarskólanum og nýstúdentunum árnáðaróskir frá þeim félögum, og tilkynnti að þeir hefðu ákveðið að færa skólanum að gjöf 25 þús. kr. er veittar skyldu þeim, er tækju að sér að endurskoða og endurbæta skólabækur þær, er nú væru notaðar við Verzlunarskólann. Þá tók til máls fulltrúi 15 ára stúdenta, Þórður Jónsson. Sagði hann m.a. í ávarpi sínu, að þeir félagar hefðu ákveðið að færa skólanum að gjöf fullkominn fjölrítara. Loks tók til máls fulltrúi 10 ára stúdenta, Helgi Gunnar Þorkelsson, og færði hann skólanum að gjöf frá þeim félögum smásjá, er notuð verður við náttúrufræði kennslu í lærdómsdeild.

Dr. Jón Gíslason skólastjóri, flutti fulltrúum afmælisárganganna þakkir skólans, fyrir hlý orð og góðar gjafir. Kvað hann ræktarsemi þeirra við skólann vera mikils um verða. Sleit hann síðan lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands, og lauk þar með 61. starfsári skólans. Nýstúdentarnir risu síðan upp úr sætum sínum, og sungu skólasönginn.



23 stúdentar frá Laugarvatni

MENNTASKÓLANUM á Laugarvatni var sagt upp á þriðjudag. Brautskráðir voru 23 stúdentar, 14 úr málaeild og 9 úr stærðfræðideild. Hæstu einkunn í stærðfræðideild hlaut Reynir Hugason, ág. 9,00, en í málaeild Anna Halla Björgvinsdóttir 8,56.

Í skólaslitaræðu sinni gat skóla meistari, Jóhann Hannesson um nauðsyn áframhaldandi breytingar og þróunar á skólakerfinu og nauðsyn þess, að almenningur, sem börn á í skóla, fylgdist með því, sem gera þyrfti og gengist fyrir því, að það yrði gert.

Í síðustu viku var hafin smíði á nýju heimavistarhúsi við Menntaskólann, fyrsta húsið af fimm, sem reisa á næstu fimm árin, en á þeim tíma er fyrirhugað að nemendafjöldi tvöfaldist.